



Leigusamningur

South central ehf sf. 620513-0910 hér eftir nefndur leigusali og Skeiða- og Gnúpverjahreppur kt. 540602 - 4410, hér eftir nefndur leigutaki, gera með sér svohljóðandi leigusamning:

1. gr.

Leigusali leigir leigutaka fasteignina Blesastaði 3, Fastanr. 2201767. Stærð húsnæðis er 299 fermetrar.

Auk húsnæðis eru innifaldir í leigu lausamunir, svo sem leirtau og heimilistæki.

Hiti og rafmagn húsnæðis er innifalið í leiguverði.

Leigutaki hefur heimild til að nýta útisvæði umhverfis húsið er leigutaka til afnota.

2. gr.

Samningur þessi tekur gildi þann 11. janúar 2021 og gildir til 30. apríl 2021. Hann er framlengjanlegur um allt að tvo mánuði ef þörf gerist.

3. gr.

Fjárhæðir og greiðsla fyrir leigu er eftirfarandi: Greiðsla fyrir leigu er 1.250.000 kr með virðisaukaskatti fyrir hvern heilan mánuð. Gjaldlagi fyrir hvern mánuð er fyrsti virki dagur næsta mánaðar á eftir leigumánuði. Ef leigutaki skilar húsnæðinu af sér fyrir lok umsamins leigutíma greiðir hann leigu fram til þess dags er leiguafnotum líkur.

4.gr.

Leigutaki skal annast á sinn kostnað viðhald á læsingum, vatnskrönum, raftenglum og öðru smálegu. Leigutaki sér einnig um viðhald sem kemur til af völdum hans eða starfsfólks hans. Leigusali sér um allt venjulegt viðhald utanhúss. Leigusali annast viðgerðir á gluggum, raftækjum hreinlætistækjum og öðru því sem fylgir húsnæðinu ef leigutaki sýnir fram á að bilanir verði ekki raktar til vanrækslu eða yfirsjóonar leigutaka eða fólks á hans vegum.

Að öðru leyti en hér að framan greinir varðandi viðhald á leigðu húsnæði, skal fara eftir IV. kafla Húsaleigulaga 1994 nr. 36.

5. gr.

Leigutaka er óheimilt að endurleigja húsnæðið. Leigutaki hefur heimild til að merkja húsnæðið að utanverðu í samráði við leigusala.

6.gr.

Við lok leigutíma er leigutaka skylt að skila hinu leigða húsnæði að öllu leyti í góðu ástandi að öðru leyti en því sem telst slit af eðlilegri notkun og venjulegri umgengni.




Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

7. gr.

Rísi mál af samningi þessum skal reka það fyrir Héraðsdómi Suðurlands.
Samningur þessi er gerður í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Árnesi í janúar 2021.


F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps



F.h. South central sf

Vottar að rétttri undirskrift, dagsetningu og fjárræði:

Kristín Gunnarsdóttir 150569-3549
Nafn Kennitala

Kristjana Heyder Gestsd. 291250-3579
Nafn Kennitala